

- 177 **Bréf dómsmálaráðuneytisins til sýslumannsins í Gullbringu- og**
25. nóv. **Kjósarsýslu, um flutning þingstaðar.**

Samkvæmt tillögu yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dags. 12. nóv. s. l., og ósk hreppsnefndar Kópavogshrepps, veitir ráðuneytið hér með samþykki sitt til þess að þingstaður hreppsins verði fluttur frá gamla skólahúsinu á Marbakka í hið nýja barnaskólahús hreppsins að Digraneshálsi, enda annist hreppsnefndin um, að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hér með til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.

178

18. okt.

REGLUR

um ákvörðun skattgreiðslu af andvirði aukavinnu, sem einstaklingar leggja fram utan reglulegs vinnutíma við byggingu íbúða til eigin afnota.

Eignaauki sá, sem stafar af aukavinnu, sem einstaklingar leggja fram utan reglulegs vinnutíma við byggingu íbúða til eigin afnota, skal ekki talinn til skattskyldra tekna. Skattanefnd eða skattstjóri meta, hve mikill hluti af hinu byggða telst einkaíbúð.

Til leiðbeiningar fyrir skattayfirvöldin skulu þeir, sem skattívilnunar þessarar vilja njóta, láta fylgja framtali sínu upplýsingar um fjölda vinnustunda þeirra, sem þeir hafa starfað að smíði eigin íbúðar á árinu, og glögga lýsingu á húsnæði því, sem í smíðum er, svo að séð verði, hve mikill hluti af hinu byggða er einkaíbúð.

Hinn skattfrjálsi eignauki, sem skattþegn hefur öðlazzt með eigin vinnu framlagi, kemur til skattskyldra tekna sem venjulegur söluhagnaður, ef íbúðin er seld, að því leyti sem eignaukinn fæst greiddur í söluverði, og eins þótt um makaskipti sé að ræða.

Reglur þessar eru settar samkvæmt 1. gr. laga nr. 16 16. marz 1949.

Fjármálaráðuneytið, 18. október 1949.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.

- 179 **Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Ólafs Ragnarssonar**
31. okt. **frá Hrafnabjörgum“, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra**
31. október 1949.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Ólafs Ragnarssonar frá Hrafnabjörgum.

1. gr.

Sjóður þessi ber nafnið Minningarsjóður Ólafs Ragnarssonar frá Hrafnabjörgum.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af hjónunum Kristínu Sveinbjarnardóttur og Ragnari Guðmundssyni frá Hrafnabjörgum í Arnarfirði, til minningar um son þeirra, Ólaf, sem féll út af togaranum Kára 29. marz 1948.

179

31. okt.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er 1000 — eitt þúsund — krónur.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

1. Að veita verðlaun fyrir björgun frá drukknun, er menn falla úþyrðis af skipum.
2. Að veita verðlaun fyrir að finna upp hagkvæm ráð til að bjarga mönnum, er falla út af skipum.
3. Að veita verðlaun skipstjórum, sem sérstaka árvekni þykja sína um líf skipverja sinna.

5. gr.

Í fyrsta sinn skal veitt úr sjóðnum 17. september 1957, á 30 ára afmæli Ólafs.

6. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast í Söfnunarsjóði Íslands.

Tekjur sjóðsins eru vextir af stofnfé og gjafir, er sjóðnum kunna að berast.

7. gr.

Stjórn Slysavarnafélags Íslands skal hafa stjórn sjóðsins með höndum.

8. gr.

Formaður slysavarnaeildarinnar Vinabandið, Þingeyrar- og Auðkúluhreppi, skal ávallt hafa íhlutunarrétt um veitingar úr sjóðnum, svo og um breytingar á skipulagsskrá hans.

9. gr.

Skipulagi sjóðsins má breyta, er þess þykir þurfa. Alltaf skal hann þó starfa í þágu sama málefnis, sbr. 4. gr. Breytingar má einungis gera samkvæmt ákvæði 8. gr.

10. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skal reikningurinn endurskoðaður af endurskoðendum Slysavarnafélagsins og birtast í Árbók Slysavarnafélags Íslands, eins og aðrir reikningar félagsins.

11. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og hún síðan birt í Stjórnartíðindum.

Hrafnabjörgum, 3. júlí 1949.

Kristín Sveinbjarnardóttir.

Ragnar Guðmundsson.